

arlaun skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmans, kr. 10.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 28. janúar 1975.

Nr. 65/1971. Oddvitar Reykholtshrepps og Hálsahrepps f. h. hreppanna

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Kalman Stefánssyni og

Ólafi Kristóferssyni

og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Landamerki. Veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Ólafur Kristófersson keypt eignarhluta föður síns, Kristófers Ólafssonar, í jörðinni Kalmanstungu og tekið við aðild málsins af honum.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1971. Krefjast þeir þess, að þeim verði dæmdur allur réttur til silungsveiði í ám og vötnum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi Þorsteini Magnússyni, Húsafelli, Gísla Eggertssyni, Stóra-Kroppi, og Magnúsi Jónssyni, Vilmundarstöðum, með afsali 17. maí 1880, með þeirri undanþágu, að erfingjar Stefáns, sem kunna að búa í Kalmanstungu, eigi þar silungsveiðitak fyrir heimili sín og að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar verði viðurkennd þannig: Norðlingafljót að

Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn, yfir Reykjavatn um austurenda Eiríksjökuls í sömu stefnu í austurmarkalínu Kalmanstungu við jökulrönd Langjökuls. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar óskipt úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 1. júní 1971. Krefjast þeir þess, að viðurkenndur verði eignarréttur núverandi Kalmanstungueigenda að allri silungsveiði í vötnum, ám og lækjum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi 17. maí 1880, og að landamerki heimalands Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar á því svæði, sem ósamkomulag er um, verði ákvörðuð þannig: Norðlingafljót að Reyká, þá Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn sjónhending í norðurenda Langjökuls. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti m. a. uppdrættir af hinu umdeilda landsvæði.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, seldi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, bændunum Gísla Eggertssyni á Stóra-Kroppi, Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum og Þorsteini Magnússyni á Húsafelli landsvæði á Arnarvatnsheiði með afsali 17. maí 1880. Merki hins selda lands eru tilgreind þessi: „Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein, svo að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk“.

Með afsali 18. apríl 1884 seldu framangreindir kaupendur Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi fyrrgreint landsvæði Hálsahreppi að einum þriðja, en Reykholtisdalshreppi að tveim þriðju. Er merkjum landsins lýst þar á nákvæmlega sama hátt og í fyrra afsalinu.

Hinn 26. janúar 1886 var gert landamerkjabréf fyrir hið selda land eins og skylt var samkvæmt 3. gr. landamerkja-

laga nr. 5/1882. Er það m. a. undirritað af Stefáni Ólafssyni, eiganda Kalmanstungu, og hreppsnefndarmönnum Reykholtssdals- og Hálsahreppa. Í bréfinu var merkjum lýst og þau rakin réttshælis umhverfis landið frá Svínalæk um Arnarstein og svo að vestan og norðan. Síðan segir: „ . . . úr Liklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofan á móts við Reykjavatn, þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós“. Loks er lýst óumdeildum merkjum frá Reykárósi að Svínalæk. Landamerkjabréf þetta var lesið á manntalsþingi á Sámstöðum í Hvítársíðu 20. maí 1889.

Meðal gagna máls þessa er „Útdráttur úr landamerkjaskrá jarðarinnar Kalmanstungu (landamerkjabók Mýrasýslu No. 156.).“ Er landamerkjaskrá þessi talin undirrituð í Kalmans- tungu 24. apríl 1897 af Ólafi Stefánssyni, eiganda Kalmans- tungu, Einari Magnússyni, oddvita Reykholtssdalshrepps, og Kristleifi Þorsteinssyni fyrir hönd Hálsahrepps. Í útdrætti þessum er landamerkjum Kalmanstungu og heiðarlandsins lýst svo: „ . . . frá Arnarsteini sjónhending í Þorgeirstjörn og frá henni eftir Svínalæk til Norðlingafljóts. Síðan ræður það fljót til Reykár, þá ræður hún til Reykjavatns og þaðan sjónhending í Jökulenda“.

Hinn 19. mars 1963 komu Björn Jónsson, oddviti Reykholtssdalshrepps, Magnús Kolbeinsson, oddviti Hálsahrepps, og Kristófer Ólafsson og Kalman Stefánsson í Kalmanstungu á fund. Í fundargerð þessa fundar segir m. a.: „Rætt var um landamerki milli heimalands í Kalmanstungu og afréttar Borgfirðinga og rétt Kalmanstungubænda til silungsveiða í vötnum afréttarlandsins. Tvö sjónarmið komu fram. Kalmanstungubændur, Kristófer og Kalman, telja merkin frá norðurenda Langajökuls sjónhending í Reykárós (vatnsós- inn). Björn og Magnús telja hinsvegar að Langijökull ráði merkjum vestur á móts við Reykjavatn.“

Telja verður, að merkjalýsingin í landamerkjabréfinu frá 26. janúar 1886 samrýmist merkjalýsingu afsalsins frá 1880, en sé gleggri, að því er varðar þau merki hins selda lands, sem um er deilt í máli þessu. Verður landamerkjabréfið því lagt til grundvallar í málinu. Orðalag útdráttarins úr landa-

merkjaskrá Kalmanstungu frá 1897 um merki er aftur á móti frábrugðið landamerkjabréfinu frá 1886. Ólíklegt er þó, að umboðsmenn hreppanna hafi með þeirri landamerkjaskrá ætlað að breyta hinum fyrri merkjum, enda voru þeir ekki til þess bærir. Í landamerkjálýsingunni 1886 eru austurmerk-in talin frá Langjökulsenda „ofan á móts við Reykjavatn“. Verður að skilja þetta svo, að þar sé átt við vesturjaðar Langjökuls. Það álit oddvita Hálsa- og Reykholtshreppa á fundinum 19. mars 1963, að Langjökull ráði merkjum „vestur á móts við Reykjavatn“, er í samræmi við þetta. Staður sá á vesturjaðri Langjökuls, sem landamerkjálýsingin telur „á móts við Reykjavatn“, verður ekki ákveðinn með vissu, en hann getur samkvæmt orðum landamerkjabréfsins frá 1886 ekki verið norðar en svo, að lína frá honum sjónhending í Reykárós liggi yfir Reykjavatn. Merkjalinna sú, sem ákveðin var af héraðsdómi, er skoðað hafði staðhætti á vettvangi, fer eigi í bága við merkjalýsinguna í landamerkjabréfinu frá 1886. Málsaðiljar hafa ekki fært fram haldbær rök, er hnekki þessari úrlausn héraðsdóms, og ber því að staðfesta hana.

II.

Í áðurgreindu afsali frá 17. maí 1880 segir, að landið sé selt með „öllum landsnyttjum til lands og vatns . . . utan það að seljandi áskilur sér að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . . “. Í afsalinu til hreppanna 18. apríl 1884 segir, „að þar sem seljandinn Stefán Ólafsson í nefndu afsalsbréfi“ (þ. e. afsalinu frá 1880) „hefur áskilið sér af okkur að hafa eggjatöku og silungsveiði í hinu afsalaða landi fyrir sig og sína erfingja, þá er eignin einnig nú af okkar hendi afsöluð . . . með þessu sama skilyrði, að því er Stefán Ólafsson og hans erfingja snertir . . . “. Í landamerkjabréfinu 26. janúar 1886 segir, að samkvæmt afsalsbréfi 18. apríl 1884 hafi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, „eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína“. Í útdrætti landamerkjaskrárinnar frá 24. apríl 1897 segir: „Afkomendur Stefáns sál. Ólafssonar, er búa í Kalmanstungu eiga eggver, álfatekju og silungsveiði í afréttarlandi Reyk-

dælinga“. Í héraðsdómi er skýrt frá banni Stefáns Ólafssonar á manntalsþingum í Hálsahreppi og Reykholtshreppi 1898 gegn silungsveiði, eggjatekju og álfatekju í hinu selda landi og mótmælum bænda á þingunum við banninu.

Eins og áður hefur verið rakið, afsalaði Stefán Ólafsson í Kalmanstungu framangreindu heiðarlandi til viðsemjenda sinna með öllum landsnytjum, að því frátöldu að hann áskildi sér „að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . . “. Er ágreiningur málsaðilja um það, að hverju marki silungsveiði í ám, lækjum og vötnum á hinu selda landi hafi verið undanskilin sölunni með þessu ákvæði afsalsbréfsins.

Þegar þess er gætt, að það er forn og ný réttarregla, að landeigandi eigi fiskveiði í vötnum á landi sínu, sbr. landbrigðapátt Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólbókar, og 56. kap. landleigubálks Jónsbókar, en nú 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, þá var rík ástæða til þess, að Stefán Ólafsson kvæði afdráttarlaust að orði, ef ætlun hans var sú, að enginn réttur til silungsveiði í vötnum á hinu selda landi fylgdi með við sölu þess. Ákvæði í afsalinu um silungsveiðiréttinn eru hins vegar ekki skýr, og verður ekki örugglega af þeim ráðið, að til þessa hafi verið ætlast. Þá þykir sýnt af mótmælum hrepps-bænda á manntalsþingum í Hálsa- og Reykholtshreppum 1898, að bændurnir hafa a. m. k. ekki þá litið svo á, að allur silungsveiðiréttur hafi verið tekinn undan við landssöluna 1880. Enn er það, að í málinu hafa verið lögð fram vottorð margra manna úr Hálsa- og Reykholtshreppum um, að þeir hafi stundað silungsveiði í vötnum á heiðarlandinu án sérstaks leyfis eigenda Kalmanstungu. Hefur þessu ekki verið hnekk. Þá hafa gagnáfrýjendur ekki sýnt fram á, að þeir hafi eignast allan silungsveiðiréttinn fyrir hefð. Þegar alls þessa er gætt, þykja gagnáfrýjendur ekki hafa sannað, að þeir eigi einir silungsveiðirétt á hinu selda heiðarlandi.

Er þá athugunarefni, hversu víðtækur var sá réttur til silungsveiði, sem Stefán Ólafsson undanskildi við sölu landsins 1880. Ekki þykir bera að skilja ákvæði afsalsins um sil-

ungsveiði svo, að um hafi verið að tefla veiðirétt, sem einungis væri bundinn við lífstíð Stefáns og erfingja hans, eins og aðaláfrýjendur halda fram. Er eðlilegast að líta svo á, að ætlunin hafi verið að tryggja, að Stefán sem eigandi Kalmanstungu héldi eftir nokkrum silungsveiðirétti á hinu selda landi fyrir jörðina. Verður ekki á það fallist, að sá veiðiréttur hafi verið takmarkaður við heimilisþarfir eingöngu. Samkvæmt þessu og þar sem ekki er skýrt kveðið á um annað í afsalinu, verður að líta svo á, að við söluna hafi veiðirétturinn orðið sameign Stefáns Ólafssonar og kaupnauta hans, þannig að þeir hafi allir haft jafnan rétt til að nýta veiðina, sbr. 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar, en nú 1. tl. 4. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Varð engin breyting á þessu, er aðaláfrýjendur eignuðust hið selda land frá viðsemjendum Stefáns Ólafssonar. Gagnáfrýjendur eru nú eigendur Kalmanstungu.

Samkvæmt þessu ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um, að gagnáfrýjendur eigi að 1/4 hluta á móti aðaláfrýjendum silungsveiði í ám og vötnum á landi því, sem Stefán Ólafsson afsalaði 17. maí 1880.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað svo og gjafsóknar- og gjafvarnarlaun.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um landamerki eru staðfest.

Gagnáfrýjendur, Kalman Stefánsson og Ólafur Kristófersson, eigendur Kalmanstungu, eiga að 1/4 hluta rétt til silungsveiði í ám og vötnum á landsvæði því, er Stefán Ólafsson seldi 17. maí 1880.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað svo og gjafsóknar- og gjafvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 11. febrúar 1971.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 16. f. m. Málið var þingfest hinn 26. júní 1967, en með bréfi,

dags. hinn 28. mars s. á., hafði Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. oddvita Reykholtisdals- og Hálsahreppa tilkynnt sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að risinn væri ágreiningur milli hreppsnefnda hreppanna annars vegar og eigenda Kalmanstungu I og II, Kristófers Ólafssonar og Kalmans Stefánssonar, hins vegar um landamerki milli heimalands Kalmanstungu og afréttarlands Borgfirðinga, er eigandi Kalmansstungu seldi nefndum hreppum með afsölum, dags. 17. maí 1880 og 6. júlí 1901, og enn fremur um veiðirétt nefndra hreppa í vötnum á afrétti. Á síðara stigi máls þessa var því lýst yfir af hálfu aðilja, að ekki sé ágreiningur um veiðirétt eða landamerki landsvæðis þess, er eigandi Kalmanstungu seldi með greindu afsali frá 6. júlí 1901.

Verður nú rakin forsaga ágreinings aðiljanna.

Með lögfestu, dags. 28. maí 1879, sem þinglesin var hinn 14. júní 1879, lögfesti Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, jörð sína. Er meginmál gerningsins svohljóðandi: „Jeg undirskrifaður lögfesti hjer með eignarjörð mína Kalmanstungu í Hvítársíðu innan Mýrasýslu, sem eptir Konunglegrar hátignar allra náðulegasta kaupbrjefi af 15. febrúar 1791 er að dýrleika 27 H 40 al.

Lögfesti jeg tjeðrar jarðar töður og engjar, hús og haga, skóga, vötn, silungsveiði, eggver, fjaðratekju og álptadráp, grastekjur og allar landsnitjar þær, er nefndri jörðu fylgja til eftirskrifaðra örnefna.

Hafursgil ræður úr jökli og framm í Hvítá, en Hvítá ræður ofan til Gunnlaugshöfða, þá vesturkvísl til háfahrauns, þá uppeptir Hrauni til Víðgelmis, þá frá Víðgelmi sjónhending í skriðugilið, fyrir neðan Kleppaskóg, úr gilinu sjónhending í Hamarstjörn, þá úr hamrinum er stendur fyrir utan tjörnina beint í Axlartjörn, þá ræður gilið úr Axlartjörn og frammí dalsá, þá ræður dalsá sjónhending í Þorvaldsstaðavötn, þá beint í Arnarstein þá í Svínalæk þá í Úlfsvatnsárós, þá ræður Úlfsvatnsá að gnúpdælagötu, þá gnúpdælagötur norður í lækinn, sem fellur úr Leirutjörn hinni nyrðri svo austur eptir hryggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavatn, þá úr vörðunni sjónhending fyrir norðan Hlíðarvatn í vesturhæð og svo austur eptir heiði í jökulsenda, þá ráða jöklar fyrir sunnan Valljökul í Hafursgil.

Elstu skilríki fyrir landamerkjum jarðarinnar er kaupbréf Halls Svarthöfðasonar og Jóns Gíslasonar af dato 1398 og svo margar lögfestur óuppátalaðar, þær seinustu upplesnar á Sámstaðapingi árin 1773, 1793 og 1810 og sú seinasta upplesin á Norð-

tunguþingi 1834. Þessi eru ítök í jörðina, Fljótstunga á skógarhögg uppfrá háhrauni til hrísgötu, gegnt Hrafnabjörgum og hrishögg í Klappaskógi annað hvort til sels eða stekkkjar, þó eigi lengur en Kalmanstungu mönnum endist til sels, líka á Fljótstunga sambeit á Fljótstunguheiði, fram að læk þeim er fellur úr Þorgeirstjörn framm í Fljót. Fyrirbið ég hverjum manni að yrkja í eða vinna eður nota sjer upp á nokkurn máta nefndrar jarðar landeign eður hlunnindi, án míns leyfis undir viðliggjandi sektir.“

Með afsalsgerningi, dags. hinn 17. maí 1880, seldi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, bændunum Þorsteini Magnússyni á Húsafelli, Gísli Eggertssyni á Stóra-Kroppi og Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum hluta af landi jarðar sinnar. Er afsalsgerningur þessi svohljóðandi: „Jeg Stephan Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu Gjörri hjérmeð heyrum kunnugt, að jeg hjermeð sel og afhendi eins og jeg hjer með sel og afhendi frá mjer og mínum erfingjum án innlausnar réttar bændonum Þorsteini Magnússyni á Húsafelli, Gísli Eggertssyni á Stórákroppi, Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum eign mína Kalmanstunguland liggjandi í Hvítársíðuhreppi og Mýrasýslu innan þessara takmarka.

Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein svo að vestan og norðan eptir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk með öllum landsnyttjum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim réttindum sem filgt hefur og filgja ber með rjettu eptir gömlum eignarskjölum fyrir áður greindu landi og ekkert undanskilið utan það að seljandi áskilur sjer að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja fyrir umsamið kaupverð 3000 skrifa þrjú þúsund krónur hvar af helmingur greiðist á næstkomandi lestum og hinn helmingurinn á haustlestum ásamt lagarentu 4 af H frá næstu fardögum.

Kaupendur haldi kaupi sínu til laga og noti kaup sitt frá næstu fardögum en seljandi svarar lagariftingu.“

Skjal þetta var lesið á manntalsþingi og ritað í afsals- og veðmálabækur Mýrasýslu með þeirri athugasemd m. a., að seljandi hefði ekki þinglesna eignarheimild nema fyrir 2/3 hlutum jarðarinnar.

Með afsalsgerningi, dags. hinn 18. apríl 1884, seldu þeir Magnús Jónsson, bóndi á Vilmundarstöðum, Þorsteinn Magnússon, bóndi á Húsafelli, og Gísli Eggertsson, bóndi á Stóra-Kroppi, Reykholtssdals- og Hálsahreppum þann hluta Kalmanstungulands, sem þeir

höfðu keypt með afsalsgerningnum frá 17. maí 1880. Er afsalsgerningur bændanna til hreppsfélaganna svohljóðandi:

„Við undirskrifaðir, jeg Magnús Jónsson, bóndi á Vilmundarstöðum, jeg Þorsteinn Magnússon, bóndi á Húsafelli, og jeg Gísli Eggertsson, bóndi á Stórakroppi, gjörum hjer með kunnugt:

Að við höfum selt og afsalað eins og við hjer með seljum og afsölum Reykholtshreppssveitarfjelagi og Hálsahreppssveitarfjelagi í Borgarfjarðarsýslu, hinu fyrrnefnda sveitarfjelagi 2/3 (tvo þriðju) hluti og hinu síðarnefnda sveitarfjelagi 1/3 (einn þriðja) hluta af eign okkar úr Kalmanstungulandi í Hvítársíðuhreppi og Mýrasýslu, sem við höfum keypt af Stefáni bónda Ólafssyni í Kalmanstungu með afs.brjefi dags. 17. Maí 1880 og þinglesnu á varnarþingi hinnar seldu fasteignar 28. Maí s. á. Liggur öll þessi eign, sem við höfum keypt með nefndu afsalsbrjefi, og sem við nú aptur seljum alla ofannefndum 2 sveitarfjelögum innan þeirra marka, er hjer segir: Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein, svo að vestan og norðan eptir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk. Er öll þessi eign hjer með afsöluð ofangreindum tveim sveitarfjelögum í því hlutfalli, sem áður er greint, að afsöluðum öllum innlausnarrjetti frá okkur og erfingja okkar hálfu og með öllum sama rjetti í sjerhverju tilliti, sem við erum orðnir eigendur eignarinnar eptir ofangreindu afsalsbrjefi 17. Maí 1880. Skal það sjerstaklega tekið fram, að þar sem seljandinn Stefán Ólafsson í nefndu afsalsbrjefi hefir áskilið sjer af okkur að hafa eggjatöku og silungsveiði í hinu afsalaða landi fyrir sig og sína erfingja, þá er eignin einnig nú af okkar hendi afsöluð ofannefndum tveim sveitarfjelögum með þessu sama skilyrði, að því er Stefán Ólafsson og hans erfingja snertir, en að öðru leyti er ekkert undan skilið af því, er eigninni fylgt hefir að fornu og henni samkvæmt áðurnefndu afsalsbrjefi á að fylgja.

Söluverð fyrir ofannefnda eign er kr. 3.000 (þrjú þúsund krónur) og hefir sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu á fundi 26. Apr. 1881 fyrir hönd ofangreindra sveitarfjelaga samþykkt þessi kaup, þannig að Reykholtshreppur greiði 2/3 og Hálsahreppur 1/3 af kaupverðinu.

Með því kaupverði er oss greitt út í hönd þá lýsum við hjer með yfir því, að hin ofanumrædda afsalaða landeign, skuli hjer eptir vera fullkomin, frjáls og óátalin eign Reykholtshrepps að 2/3 hlutum og Hálsahrepps að 1/3 hluta og skuli hreppsfjelög-

in sem kaupendur halda þessu kaupi sínu til laga á eigin kostnað, en vjer sem seljendur berum ábyrgð á því, að salan sje lögmæt.

Til staðfestu afsalsbrjefi þessu höfum vjer ritað undir það eiginhandar nöfn vor og sett fyrir innsigli okkar í viðurvist undirskrifaðra vitundarvotta.“

Skjal þetta var lesið á manntalsþingi hinn 16. maí 1884 og skráð í afsals- og veðmálabækur Mýrasýslu með sömu athugasemd og hin fyrri afsalsgerningur, þ. e. að Stefán Ólafsson í Kalmanstungu hefði ekki þinglesna heimild nema fyrir 2/3 hlutum jarðarinnar.

Hinn 26. janúar 1886 var gerð svofelld lýsing merkjalandsvæðis þess, sem Reykholtisdals- og Hálsahreppar höfðu eignast með síðastgreindu afsali:

„Samkvæmt landamerkjälögum 17. marts 1884 skrifast hjer upp af undirrituðum hreppsnefndum í Reykholtisdals- og Hálsahreppum landamerki fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði er samkvæmt afsalsbrjefi 18. apríl 1884 er sameign Reykholtisdals og Hálsahreppssveitarfjelaga, hins fyrrnefnda sveitarfjelags að 2/3 og hins síðarnefnda sveitarfjelags að 1/3. Landeignin liggur innan þessara marka:

Að neðan ræður Svínalækur, sem fellur úr Þorgeirstjörn norður eptir sjónhending í Arnarstein, úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu, þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norður í austurhorn Urðhæðarvatns. Þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur LM) úr steininum norðanvert við Hávaðavatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarssonavatns upp í Svörtuhæð (vesturhæð) (í stein merktan LM), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettavatnstanga við Rjettavatn, og tilheyrir tangi þessi samkvæmt samning þeim, er gjörður var um landamerkin hinn 24.-25. júní fyrra árs jafnt hvorutveggja hlutaðeigendum sunnan og norðanmönnum, úr nefndum Rjettavatnstanga sjónhending fyrir norðan Álptavötn og Fljótadrög upp í Liklafell (Krák á sandi) úr Liklafelli í Langjökulsenda, síðan ræður jökull ofan á mótis við Reykjavatn, þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót síðan ræður Norðlingafljót þar til áður-nefndur Svínalækur fellur í það.

Hlunnindi og ítök þau er aðrir eiga í landeigninni eru þessi:

1. Samkvæmt áður áminnstu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 hefir

- Stefán Ólafsson bóndi á Kalmanstungu eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína.
2. Gilsbakkakirkja á samkvæmt máldaga gömlum hálfu veiði í Úlfsvatni. Að landamerkjalyásing þessi sé samkvæmt gömlum máldaga fyrir Kalmanstungu landeign og oftnefndu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 með tilliti til fyrrnefnds samnings 24.-25. júní f. á.

Vitna“

Af hálfu Hálsahrepps undirrituðu landamerkjalyásinguna hreppsnefndarmennirnir Þorsteinn Árnason, Jón Magnússon og Þorsteinn Magnússon oddviti og af hálfu Reykholtisdalshrepps Einar Magnússon oddviti og hreppsnefndarmennirnir Bjarni Þorsteinsson og Þórður Sigurðsson. Aðrir þeir, sem undirrituðu landamerkjalyásinguna, voru Stefán Ólafsson, eigandi Kalmanstungu, Magnús Jónsson, eigandi Þorvaldsstaða, Hjörtur Líndal, eigandi Efra-Núps, Sigurður Benediktsson, eigandi Aðalbóls, Kristján Jónsson og Páll Jónsson, umráðendur Víðidalstungueignar, Sigurður Jónsson, eigandi Haukagilsheiðar, Magnús Andrésson Gilsbakkastaðahaldari og Jón Pálsson, umráðamaður Fljótstungu. Landamerkjalyásingin var lesin á manntalsþingi að Samsstöðum á Hvítársíðu hinn 20. júní 1889. Á manntalsþingi, sem háð var fyrir Hálsahrepp hinn 7. júní 1898, var skráð svofelld bókun í þingbókina:

„9. Eptir ósk Ólafs bónda Stefánssonar í Kalmanstungu, sem var viðstaddur á þinginu, var lýst yfir banni hans gegn allri silungsveiði, eggjatekju og álptatekju í landi því, er selt var undan Kalmanstungu 17. maí 1880 og Hálsa- og Reykholtisdalshreppar hafa síðan eignast til upprekstrar, nema hans leyfi komi til. Allir hreppsændur, er voru á þinginu, mótmæltu því, að Ólafur í Kalmanstungu hefði neina heimild til slíks banns, með því að áminnst afsalsbréf heimilaði ekki erfingjum seljanda *alla* veiði og eggjatekju í landinu, heldur veitti þeim jafnrétti í því tilliti við bændur í upprekstrarfélaginu, og sérstaklega mótmæltu þeir því, að Kalmanstungumaðurinn hefði neinn rétt til álptatekju í landinu . . . “

Á manntalsþingi, sem háð var fyrir Reykholtisdalshrepp hinn 8. júní 1898, var skráð svofelld bókun í þingbókina:

„13. Eptir beiðni Ólafs bónda Stefánssonar í Kalmanstungu var lýst yfir banni hans gegn allri silungsveiði, eggjatekju og álptatekju í landi því, er selt var undan Kalmanstungu 17. maí 1880, og Reykholtisdals- og Hálsahreppar hafa síðan eignast til upp-

rekstrar, og var þessu banni mótmælt alveg á sama hátt og gjört var á manntalsþingi í Hálsahreppi í gær.“

Með kaupsamningi, dags. hinn 6. júlí 1901, seldi Sefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, Reykholtisdals- og Hálsahreppum land úr landi Kalmanstungu. Um mörk landsvæðisins og nánari kjör segir svo í kaupsamningnum:

„1° Jeg Óalfur Stefánsson sel Reykholtisdals og Hálsahrepps-sveitarfjelögum allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts með merkjum samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Kalmanstungu, dags. 27. apríl 1897 með öllum nytjum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim rjettindum, sem fylgt hafa og fylgja ber með rjetti, eptir gömlum eignarskjölum fyrir áðurgreindu landi og ekkert undanskilið utan það

Að:

Seljandi áskilur Kalmanstungubóndanum *allan* veiðirjett í landinu og slæjur fyrir Kalmanstungubóndann, eins og hann *vill* nota fyrir *sjálfan sig*, þó án þess að verja landið og einnig óátalda sumarþétt fyrir afrijettarfjænað sinn. Ennfremur umbún- að um hey ef þörf gjörist.

2. Kaupverðið er 1200 tólf hundruð krónur, er greiðist í peningum fyrir 15. dag næstk. októbermánaðar.

3. Á landinu liggja engar skuldir eða höpt, sem kaupi þessu sjeu til fyrirstöðu.

4. Kostnað þann, sem leiðir af kaupgjörningi þessum, skulu kaupendur greiða, en seljandi svarar til lagaríptingar.

5. Frumrit gjörnings þessa skal fengið kaupendum, en seljanda staðfest eptirrit af honum.“

Hinn 19. mars 1963 komu saman í Kalmanstungu fyrirsvarsmenn sóknaraðilja, þeir Björn Jónsson, bóndi í Deildartungu, og Magnús Kolbeinsson, bóndi í Stóra-Ási, og varnaraðiljarnir, Kristófer Ólafsson og Kalman Stefánsson, og ræddu um landamerki „milli heimalands í Kalmanstungu og afréttar Borgfirðinga og rétt Kalmanstungubænda til silungsveiða í vötnum afréttarlandsins.“ Tvö sjónarmið komu fram. Annars vegar sjónarmið þeirra Kristófers og Kalmans að telja merkin frá norðurenda Langjökuls sjónhending í Reykárós (vatnsósinn), en hins vegar töldu Björn og Magnús, að Langjökull ætti að ráða merkjum vestur á móts við Reykjavatn. Varð samkomulag um að leita álits lögfræðinga á túlkun á landamerkjabréfi og rétti Kalmanstungubænda og landeigenda til silungsveiði í vötnum afréttarins. Ekki tókst að samræma sjónarmið aðilja um landamerkin eða rétt að-

ilja til veiði á vötnum afréttarlandsins, og höfðuðu sóknaraðiljar síðan mál þetta.

Af hálfu sóknaraðilja eru þær dómkröfur gerðar í málinu, að þeim verði dæmdur veiðiréttur í þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi Þorsteini Magnússyni o. fl. 17. maí 1880, með þeirri undanþágu, að erfingjar Stefáns, sem kunna að búa í Kalmanstungu, eigi þar veiðitak fyrir heimili sín, og að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta af Arnarvatnsheiði verði viðurkennd þannig:

Norðlingafljót að Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn yfir Reykjavatn í austurenda Eiríksjökuls. Jafnframt er þess krafist, að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða sóknaraðiljum málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með bréfi, dags. hinn 17. desember 1969, veitti dómsmálaráðherra sóknaraðiljum gjafsókn í málinu.

Dómkröfur varnaraðilja eru þessar.

- A. Að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignaréttur núverandi Kalmanstungueigenda á veiðirétti í vötnum, ám og lækjum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi 17. maí 1880 og
- B. Að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar verði viðurkennd þannig: Norðlingafljót að Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn, sjónhending í norðurenda Langjökuls. Til vara er þess krafist, að viðurkennt verði með dómi í máli þessu, að varnaraðiljar eigi helming veiði á móti sóknaraðiljum samkvæmt þinglesinni viðurkenningu frá 7. júní 1898.

Þá krefjast varnaraðiljar og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með bréfi, dags. hinn 17. desember 1969, veitti dómsmálaráðherra varnaraðiljum gjafvörn í málinu.

Kröfur sóknaraðilja eru byggðar á því, að með afsali Stefáns Ólafssonar til þeirra Þorsteins Magnússonar, Gísla Eggertssonar og Magnúsar Jónssonar frá 17. maí 1880 hafi öllum landsnyttjum verið afsalað á því landsvæði, sem gerningurinn tók til, þar á meðal veiðirétti í ám og vötnum, en seljandi hafi aðeins áskilið sér silungsveiði fyrir sig og erfingja sína. Þar sem Stefán Ólafsson sé látinn og erfingjar hans búi ekki í Kalmanstungu, sé réttur þessi niður fallinn samkvæmt efni sjálfs afsalsins og því eigi sóknaraðiljar einir rétt til veiði í ám og vötnum á greindu land-

svæði. Þá er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að ef svo verði litið á, að með landamerkjaskránni fyrir Kalmanstungu frá 24. apríl 1897 hafi verið gerð breyting, þannig að í stað erfingja Stefáns Ólafssonar kæmu niðjar hans, þá hafi slík breyting verið óheimil þeim fyrirsvarsmönnum sóknaraðilja, sem undirrituðu landamerkjaskrána.

Af hálfu sóknaraðilja er því mótmælt, að Kalmanstungumenn hafi einir stundað veiði í ám og vötnum á landsvæði því, sem afsalið frá 17. maí 1880 tekur til. Er því jafnframt mótmælt í því sambandi, að Kalmanstungumenn hafi unnið eignarhefð á veiðirétti í ám og vötnum á landsvæðinu. Að því er varðar hin umdeildu landamerki, þá er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að ljóst sé, að draga eigi merkjalínuna úr Reykárósi suður yfir vatnið í endann á skriðjökli þeim, sem gengur norðaustur úr Eiríksjökli, enda geti ekki verið sjónhending frá ósnum í annan jökulenda og því komi ekki til álita að draga línuna í norðurenda Langjökuls. Er því haldið fram í þessu sambandi, að sóknaraðiljar hafi allan tímann notað sem sína eign landsvæðið austan Reykjavatns og greinds skriðjökuls Eiríksjökuls og hafi þeir séð um smölun á landsvæðinu og séð um og kostað grenjaleit. Er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að ef svo verði litið á, að í landamerkjalýsingunni frá 1886 sé átt við norðurenda Langjökuls, þá hafi sú ráðstöfun verið óheimil þeim, sem að henni stóðu af hálfu sóknaraðilja, þar sem um afsal lands hafi verið að ræða án heimildar.

Af hálfu varnaraðilja er því mótmælt, að með afsalinu frá 17. maí 1880 hafi Stefán Ólafsson selt allan veiðirétt á landsvæði því, sem afsalað var, og aðeins áskilið sér veiðitak fyrir sig og erfingja sína. Er því haldið fram, að með orðalagi afsalsins hafi Stefán verið að undanskilja alla silungsveiði og eggjatöku á hinu selda landi, enda hafi á þeim tíma verið fullkomlega heimilað að skilja veiðirétt frá landareign, eins og Stefán hafi gert. Er þetta sjónarmið stutt þeim rökum, að ástæða til kaupa þessara hafi verið sú, að Hálsasveit og Reykholtssdal hafi skort beutiland á afrétti, því afréttarlönd hreppa þessara liggi á öræfum kringum Ok, sem séu gróðurlítill. Með kaupum þessum hafi hrepparnir því verið að sælast eftir hinum miklu gróðurlöndum á Arnarvatnsheiði og hafi það verið á hvers manns vitorði, að það hafi verið beitarrétturinn einn, sem hrepparnir hafi lagt áherslu á að eignast. Á hinn bóginn hafi Kalmanstunga um aldaðir haft mikil hlunn-

indi af veiði á heiðarvötnum og því hafi verið full ástæða fyrir eigandann að halda veiðiréttinum utan við sölua, en beitarlönd hafi hann átt næg eftir sem áður. Er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að ef þessi sjónarmið séu höfð í huga, þá sé miklu eðlilegra að skýra afsalið þannig, að Stefán Ólafsson hafi við söluuna undanskilið alla veiði í vötnum á landsvæðinu. Er því haldið fram í því sambandi, að allt fram til síðustu ára hafi enginn maður úr Reykholtssdal eða Hálsasveit stundað veiðar á landsvæði þessu, nema með sérstöku leyfi frá Kalmanstungu. Á hinn bóginn hafi Kalmanstunga hagnýtt veiði í öllum vötnum á svæðinu ómótmælt alla tíð frá 1880. Þó hafi Húsafellsmenn eitthvað veitt á þessu svæði, en það byggist á sérstökum viðskiptasamningi um jafnréttisveiði í Sesseljuvík og veiðivötnum Kalmanstungu. Þá er á það bent af hálfu varnaraðilja, að á manntalsþingum 7. og 8. júní 1898 hafi þáverandi eigandi Kalmanstungu, Ólafur Stefánsson, lýst yfir banni gegn allri silungsveiði í vötnum á greindu svæði og hafi allir þeir hreppsændur, sem á þinginu voru, viðurkennt jafnrétti Kalmanstungu á móti hreppunum. Fari svo, að eigi verði fallist á sjónarmið þessi, og talið verði, að Stefán Ólafsson hafi afsalað veiðiréttinum, þá er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að eigendur Kalmanstungu hafi öðlast eignarrétt á veiðiréttinum í greindum vötnum fyrir hefð, enda hafi Kalmans-tungubændur einir stundað veiði í vötnum á svæðinu og enginn úr Reykholtssdal eða Hálsasveit hafi stundað veiðar þar, nema með leyfi Kalmanstungubænda. Því verði sóknaraðiljar að beita ákvæðum lax- og silungsveiðilaga, ef þeir kjósi að leysa veiðiréttinn til sín. Að því er varðar þann hluta ágreiningsefnisins, sem tekur til landamerkjja, þá er því haldið fram, að samkvæmt landamerkjaskrá þeirri, sem dags. er 26. janúar 1886, en þinglesin 1889 og undirrituð hafi verið af oddvitum Reykholtssdals- og Hálsahreppa, eiganda Kalmanstungu og eigendum jarða, sem áttu lönd eða réttindi að hinu afsalaða landi, sé ljóst, að Langjökulsendi sé á mörkum. Einnig komi fram af landamerkjaskrá Kalmanstungu frá 24. apríl 1897, að ekki geti verið um annan jökulenda að ræða en Langjökulsenda, því sé augljóst, að heimalandi Kalmanstungu tilheyri allt land sunnan og austan Norlingafljóts og Reykár og sunnan línu, sem er dregin úr Reykárósi í Langjökulsenda. Er því mótmælt, að það eigi sér nokkra stoð í heimildum, að landamerki liggi um Eiríksjökul. Er því mótmælt, að sóknaraðiljar hafi eignast nokkurn hluta landsins fyrir sunnan merkjalínu samkvæmt dómkröfu varnaraðilja fyrir hefð.

Í málinu hefur verið sótt þing af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttargæslu.

Af hálfu réttargæsluaðilja kemur fram, að eins og dómkröfum aðilja sé háttað, sé ekki talin ástæða til að hafa uppi ákveðnar kröfur af hans hálfu. Hins vegar kemur fram af hálfu réttargæsluaðilja, að hann telji sér skylt að gæta hagsmuna íslenska ríkisins, að því er varðar eignarrétt að jöklum og hálendisauðnum landsins svo og almenningum vatna og vatnsbotna, hvort heldur utan eða innan einstakra landareigna, og yfirleitt að öllum þeim land- og vatnasvæðum, sem ekki eru háð ótvíræðum eignarrétti einstaklinga.

Þrátt fyrir athugasemd þá á afsali Stefáns Ólafssonar frá 17. maí 1880, að hann sé þinglesinn eigandi að 2/3 hlutum jarðarinnar Kalmanstungu, sem einnig kemur fram á afsalinu til sóknaraðilja, þá þykir fram komið af yngri heimildarskjölum varðandi jörðina, sem fram hafa komið í málinu, að Stefán hafi raunverulega verið eigandi allrar jarðarinnar.

Ágreiningur málsaðilja, að því er tekur til marka landsvæðis þess, sem selt var með afsalinu frá 17. maí 1880, tekur til þess, hvort draga skuli þann hluta merkjalínunnar úr Reykárósi í norðurenda Langjökuls eða í enda skriðjökuls þess, er gengur norðaustur úr Eiríksjökli.

Samkvæmt afsalinu frá 17. maí 1880 er sá hluti merkjalýsingarinnar, sem hér er deilt um, mjög óljós, enda virðist eyða í henni. Má ætla, að með merkjalýsingunni frá 1886 hafi átt að gera merkin gleggri, enda var þar um lagaskyldu að ræða samkvæmt lögum frá 17. mars 1882. Hvorug heimildin er þó það ótvíræð, að merkin verði dregin á þessum kafla, svo að óyggjandi sé. Af ákvæði afsalsins virðast suðurmörk hins selda landsvæðis miðuð við Reyká og Reykjavatn. Virðist ljóst, að mörk hins selda landsvæðis eru þar tengd merkjalýsingum í lögfestunni frá 1879, en ekki er Eiríksjökull eða skriðjöklar hans hluti þeirrar merkjalýsingar. Af merkjalýsingunum frá 1886 kemur fram, að mörk hins selda landsvæðis liggi milli Langjökuls og Reykáróss yfir Reykjavatn. Það er eigi ástæða til að telja, að þeir, sem að þessari merkjalýsingu stóðu af hálfu Reykholtisdals- og Hálsahreppa, hafi farið út fyrir stöðuumboð sitt. Dóminum þykir ekki grundvöllur til að taka til greina kröfu annars hvors aðilja um ákvörðun landamerkja á hinum umdeilda kafla. Þykir dóminum eftir öllum atvikum og með tilliti til staðhátta rétt að ákvarða þennan hluta

landamerkjanna sem beina línu úr vesturrönd Langjökuls um merkjapunkt A í eldvörpum þeim, sem eru vestan Langjökuls samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 12 um punkt II samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 78, uns hún sker strönd Reykjavatns í merkjapunkti B samkvæmt sama uppdrætti, en síðan ráði norðausturströnd Reykjavatns merkjum að Reykárósi. Af hálfu sóknaraðilja hafa ekki verið færðar að því sönnur, að þeir hafi unnið eignarhefð á landi sunnan merkjalínu þessarar. Í þessu sambandi er á það að líta, að ekki kemur fram, að eigendur Kalmanstungu hafi talið Langjökul sjálfan (jökulhettuna) sína eign, enda verður eigi séð, að þeir hafi átt neina hagsmuni við það tengda. Það þykir verða að skýra efni afsalsins frá 17. maí 1880 svo, að með því hafi Stefán Ólafsson selt viðsemjendum sínum veiðirétt í ám og vötnum á landsvæðinu, en Stefán hafi jafnframt áskilið jörðinni Kalmanstungu rétt til veiði í ám og vötnum á landsvæðinu að jöfnu á móti hverjum viðsemjenda sinna, þ. e. að 1/4 hluta. Er eigi fram komið, að þessi réttur jarðarinnar sé niður fallinn. Verður því að líta svo á, að jörðin Kalmanstunga eigi veiðirétt í ám og vötnum á landsvæði því, sem selt var með afsalinu frá 17. maí 1880 að 1/4 hluta með sóknaraðiljum. Hins vegar er ekki fram komið, að jörðin Kalmanstunga hafi fyrir hefð öðlast óskiptan veiðirétt á landsvæðinu.

Ekki er komið fram af hálfu aðilja, að sérstök sjónarmið gildi um veiðirétt í Reykjavatni, ef sóknaraðiljar verði taldir eiga land að því.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður sóknaraðilja ákveðst kr. 181.382.83 og greiðist úr ríkissjóði, og ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, af þeirri fjárhæð kr. 130.000 í málssóknarlaun.

Málskostnaður varnaraðilja ákveðst kr. 154.986.23 og greiðist úr ríkissjóði, og ber skipuðum talsmanni varnaraðilja, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, af þeirri fjárhæð kr. 130.000 í málssvarnarlaun.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 12. júlí 1968, vék hinn reglulegi dómari sæti í máli þessu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. ágúst 1968, var Guðmundur Jónsson borgardómari skipaður til að fara með mál þetta í stað hins reglulega dómara. Hefur hann kveðið upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Sverrissyni og Magnúsi Óskarssyni.

Dómsorð:

Sá hluti landamerkja lands þess, er Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi bændunum Þorsteini Magnússyni, Gísla Eggertssyni og Magnúsi Jónssyni með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir, en nú er eign sóknaraðilja, Reykholtisdals- og Hálsahreppa, og um er deilt í máli þessu, skal ákveðinn þannig: Bein lína úr vesturrönd Langjökuls yfir merkjapunkt A samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 12, um mælipunktinn II samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 78, uns hún sker bakka Reykjavatns í merkjapunkti B samkvæmt sama uppdrætti, síðan ræður norðausturströnd Reykjavatns til norðurs að Reykárósi, en þaðan ræður Reyká að Norðlingafljóti.

Jörðin Kalmanstunga á rétt til veiði í ám og vötnum á landsvæði því, sem Stefán Ólafsson seldi með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir, að 1/4 á móti sóknaraðiljum.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, Reykholtisdals- og Hálsahreppa, kr. 181.382.83, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 130.000 í málssóknarlaun.

Málskostnaður varnaraðilja, Kristófers Ólafssonar og Kalman Stefánssonar, kr. 154.986.23, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 130.000 í málsvarnarlaun.
